



**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Svalbarðsstrandarhreppur  
Árni K. Bjarnason,  
sveitarstjóri  
Ráðhúsinu  
601 Akureyri

Reykjavík, 21. ágúst 2006

Tilvísun: UST20060600146/sf

### **Tillaga að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2005-2017**

Vísað er til erindis Svalbarðsstrandarhrepps dags. 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2005-2017.

Umhverfisstofnun telur að skipulagstillagan sé að mörgu leyti vel unnin en vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

#### **Náttúruminjar**

Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni segir m.a. að jarðmyndanir og vistkerfi af þeirri stærð sem miðað er við í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sé ekki að finna innan sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun vekur athygli á að meðal þeirra vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. fyrrgreindra laga eru stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri. Veigastaðavatn, sem er innan sveitarfélagsins, er yfir þeim stærðarmörkum. Því þarf að endurskoða framangreindan texta í greinargerðinni. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að í umfjöllun um hverfisverndarsvæði í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að innan vernarsvæðisins eru tvær tjarnir og votlendi, en ekkert kemur fram um stærð þeirra.

#### **Skógrækt**

Skógaræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsuppdrætti.

Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um aðalskiplagstillögu bent á mikilvægi þess að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsuppdrætti telur stofnunin nauðsynlegt að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði séu sýnd á sérstöku þemakorti með aðalskipulaginu. Þannig fæst yfirsýn yfir stöðu skógræktar í sveitarfélaginu.

Í greinargerð með aðalskipulaginu eru sett fram ákveðin ákvæði sem gilda skulu um

skógrækt, þ.á.m. að taka skuli tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta skulu verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að fram ætti að koma með hvaða hætti taka skal tillit til þeirra jarðmyndana og vistkerfa.

Í umfjöllun um skógrækt segir m.a.:

*„Þrátt fyrir að landbúnaðarland sé afmarkað á táknrænan hátt við 300 m hæð yfir sjávarmáli eru stór svæði ofan þeirra marka hefðbundið landbúnaðarland. Um þau gilda sömu heimildir og takmarkanir fyrir skógrækt og á skilgreindum landbúnaðarsvæðum.“*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan **500 metra** hæðar yfir sjó.

Nauðsynlegt er að fjallað sé um framangreint ákvæði reglugerðarinnar í greinargerð með aðalskipulaginu og að stefnumörkun um skógrækt taki mið af því.

### Efnistaka

Eins og fram kemur í greinargerð með aðalskipulaginu er öll efnistaka háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, svo og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í greinargerðinni kemur einnig fram að engin efnistökusvæði eru á landi innan sveitarfélagsmarka og eru engin efnistökusvæði sýnd á skipulagsuppdrætti. Þar með er mörkuð sú stefna að engin efnistaka verði innan sveitarfélagsins umfram heimildir landeiganda til minni háttar efnistöku til eigin nota, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir framangreinda stefnu aðalskipulagsins í efnistökuáttum mætti í greinargerð skýra frá ákvæðum laga um náttúruvernd er varða efnistöku, þ.á.m. að skylt er að leggja fram áætlun um efnistöku áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr.

Í greinargerð er fjallað um efnistöku af sjávarbotni. Þar segir m.a.:

*„Efni hefur verið numið af sjávarbotni undan ströndinni. Efnistaka af sjávarbotni verður ekki heimiluð innan 115 m fjarlægðar frá stórstraumsfjöruborði sbr. lög nr. 73/1990. Slikt efnisnám er háð leyfi iðnaðarráðherra.“*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að framangreindur texti er ekki rétt fram settur þar sem efnistaka af eða úr hafsbotni er ekki öll háð leyfi iðnaðarráðherra og efnistaka innan netlaga er ekki óheimil skv. lögum nr. 73/1999 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Efnistaka af hafsbotni **utan netlaga** er háð leyfi iðnaðarráðherra en efnistaka af eða úr hafsbotni **innan netlaga** er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Ef það er stefna sveitarstjórnar að ekki verði um að ræða frekari efnistöku af sjávarbotni undan ströndinni telur Umhverfisstofnun rétt að það komi skýrt fram í greinargerðinni.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að leyfi embættis veiðimálastjóra þarf fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Þá veita heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en það kemur ekki fram í greinargerð aðalskipulagsins.

### Óbyggt svæði

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að skv. skipulagstillögunni er afmarkað u.þ.b. 50 m breitt óbyggt svæði meðfram ströndinni, nema þar sem ræktuð tún liggja nær ströndinni. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að tryggja gott aðgengi fyrir almenning meðfram ströndinni, enda um tilvalið útivistarsvæði er að ræða.

### **Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns**

Í kafla 5.3.1 segir m.a.: „*Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Í samræmi við þau og ákvæði skipulagsreglugerðar eru sett langtíma markmið um ástand strandsvæða.*”

Umhverfisstofnun bendir á að nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og er því umfjöllun í gr. 4.21 í skipulagsreglugerð ekki í samræmi við núgildandi reglugerðir. Í núgildandi reglugerðum eru til dæmis ekki skilgreind „*verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum*”.

Umhverfisstofnun fagnar þeim markmiðum sem fram koma í greinargerð varðandi flokkun vatns. Þar kemur m.a. fram að stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki B (lítið snortið vatn), sbr. skilgreiningu í 9. og 10. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.

Umhverfisstofnun bendir á að almennt mætti stefna að flokkun strandarinnar í flokk A en í flokk B við fráveitukerfi eða þéttbýli.

### **Fráveita**

Í greinargerð segir m.a.:

„*Sjór við botn Eyjafjarðar telst vera viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólþ. Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.*”

Umhverfisstofnun vekur athygli á að vatnsumhverfi telst viðkvæmur viðtaki ef það er mengað eða hætta er á mengun þess ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða, sbr. viðauka með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu. Eyjafjörður í heild sinni er ekki skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki og þarf að taka mið af því við skilgreiningu á viðtaka vegna fráveitu innan sveitarfélagsins.

### **Hávaði**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári lokið eigi síðar en 30. júní 2012.

Samkvæmt gr. 3.2. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal við skipulagsgerð höfð hliðsjón af loftgæðarannsóknnum og hávaðamælingum framkvæmdum samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og álitni viðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins [nú Umhverfisstofnun]. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða skulu skipulagsyfyrirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að fjallað verði um umferðartölur um helstu þjóðvegi í sveitarfélaginu og birtar verði spár um umferð á gildistíma skipulagsins.

### **Mat á umhverfisáhrifum / fyrirvari**

Í umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda (sjá kafla 7.1) kemur fram að ekki séu

uppi áform um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum öðrum en Vaðlaheiðargöngum. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við þær framkvæmdir sem aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir og falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á síðari stigum. Jafnframt áskilur stofnunin sér rétt til frekari athugasemda við skipulagstillöguna við auglýsingu hennar.

Beðist er velvirðingar á því að ekki reyndist unnt að svara erindinu innan tilgreinds frests.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Fríðriksdóttir  
Lagstjóri

  
Helgi Jónsson

Afrit: Skipulagsstofnun.